



Félag atvinnurekenda  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 3. nóvember 2015  
Tilv.: FJR15080019/7.12

Efni: Express þjónusta friðhafnarinnar.

Hinn 12. ágúst 2015 barst ráðuneytinu erindi frá Félagi atvinnurekenda (hér eftir nefnt FA) þar sem vakin er athygli á því að Frihöfnin ehf. hafi auglýst á veraldarvefnum svokallaða express þjónustu sem geri mönnum fært að panta vörur á vef fyrirtækisins og sækja þær í komu- eða brottfararverslun þess þegar farið er um flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Friðhafnarinnar ehf. er greitt fyrir vöru sem pöntuð hefur verið á vefsíðu fyrirtækisins þegar hún er sótt. Í erindinu er bent á að ekki verði séð að nokkuð standi í veg fyrir því að sá sem pantar vöru með framangreindum hætti geti fengið vini og vandamenn sem eru á ferð um flugvöllinn til að sækja vöruna fyrir sig. Í framhaldinu vísar FA m.a. til erindis Stefáns S. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra stórkaupmanna, til Friðriks Sophussonar, þáverandi fjármálaráðherra, á árinu 1996 og bréfs téðs ráðherra til félagsins, dags. 8. ágúst 1996. Í lok erindis FA er þess er farið á leit við ráðuneytið að það svari þeirri spurningu hvort afstaða þess til pöntunarþjónustu á vegum Friðhafnarinnar hafi breyst frá árinu 1996 og ef svo sé ekki hvaða aðgerða ráðuneytið hyggist grípa til.

Ráðuneytið hefur haft erindi FA til skoðunar að undanförmu en þeirri skoðun er ekki lokið. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að frá því að Stefán S. Guðjónsson ritaði þáverandi fjármálaráðherra erindi sem svarað var með bréfi, dags. 8. ágúst 1996, hefur lagaumhverfi Friðhafnarinnar breyst umtalsvert. Með lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., voru málefni Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar færð undir samgönguráðherra, nú innanríkisráðherra, og honum heimilað að stofna opinbert hlutafélag um reksturinn sem m.a. hefur þann tilgang að annast rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu. Tollalög, nr. 88/2005, heyra hins vegar undir fjármála- og efnahagsráðherra en ákvæði 101.–104. gr. þeirra eiga sérstaklega við um tollfrjálsar verslanir. Tollstjóra er heimilað að veita lögaðilum leyfi til að reka slíkar verslanir í flugstöðvum eða höfnum, sbr. 1. mgr. 101. gr. laganna, og getur afturkallað starfsleyfi þeirra, sbr. 102. gr. laganna. Þá er fjallað um fyrirkomulag sölu úr tollfrjálsum verslunum í 104. gr. laganna.

Eins og áður segir hefur ráðuneytið málið enn til skoðunar og gerir sér vonir um að þeirri skoðun verði lokið fyrir árslok 2015.

Fyrir hönd ráðherra

*Ingibjörg H. Helgadóttir*  
Ingibjörg Helga Helgadóttir

*Benedikt S. Benediktsson*  
Benedikt S. Benediktsson